



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Sigurðardóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2005
Tilvísun: UST20050200172/sf

Mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði. Frekari umsögn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun frá 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um samantekt um svör Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin er tilbúin til að grípa til ýmissa aðgerða til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að með þeim aðgerðum hafi Vegagerðin að verulegu leyti komið til móts við þær athugasemdir sem stofnunin gerði við framkvæmdina í umsögn sinni dags. 28. apríl sl. Umhverfisstofnun gerir þó eftirfarandi athugasemdir við framangreinda samantekt um svör Vegagerðarinnar.

Efnistaka

Í svörum sínum vekur Vegagerðin athygli á að efnistökuáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði lögð fram haustið 2005, þegar nauðsynlegar rannsóknir liggja fyrir um aðstæður til efnistöku á framkvæmdasvæðinu. Fram kemur m.a. í svörum Vegagerðarinnar að stefnt sé að því að rannsóknir og gerð efnistökuáætlunar dragi úr umfangi efnistöku sem kostur er og muni Vegagerðin kanna þann möguleika að fara dýpra við efnistöku, fækka námum og þar af leiðandi stækka þær, s.s. með sameiningu náma, reynist það hagkvæmt. Þá bendir Vegagerðin á að ekki sé rétt með farið í umsögn Umhverfisstofnunar að almennt skuli aðeins nýta gjallkarga og bendir í því sambandi á námu I.

Við gerð efnistökuáætlunar má, með hliðsjón af niðurstöðum frekari rannsókna á jarðlögum og gæðum efnis, útfæra nánar ýmis atriði varðandi efnisvinnslu sem gerð er grein fyrir með fremur almennum hætti í matsskýrslu, s.s. endanlega afmörkun námusvæða, vinnsludýpt og frágang. Í efnistökuáætlun er því m.a. gerð nánari grein fyrir þeim vinnsluáðferðum sem fjallað er um í matsskýrslu. Umhverfisstofnun telur almennt að yfirborðsvinnsla í hraunnámum sé ekki ásættanleg vinnsluáðferð. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eigi m.a. að meta hvort ásættanlegt sé að standa að vinnslu eins og gert er ráð fyrir í matsskýrslu og ef niðurstaðan er sú að svo sé ekki, sé ekki nægjanlegt að vísa frekari útfærslu vinnslunnar til gerðar efnistökuáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt matsskýrslu er það eingöngu í námu I sem gert er ráð fyrir að efni verði sprengt og efni þar með unnið niður fyrir gjallhluta hraunsins. Í öðrum námum er, samkvæmt lýsingum á námum í matsskýrslu, gert ráð fyrir að unninn verði gjallhluti hraunsins og að vinnsludýpt fari eftir því hversu þykkur gjallhlutinn er. Í matsskýrslu kemur fram að vinnsla neðar í hraunið sé háð því að hraunið sé vinnanlegt á auðveldan hátt. Umhverfisstofnun er ljóst að þykkt hraunsins getur verið misjöfn og að frekari rannsóknir á gæðum efnis eiga eftir að fara fram og því ástæða til að afmarka námusvæði nokkuð rúmt. Stofnunin ítrekar hins vegar athugasemd sína þess efnis að ekki sé ásatnanlegt að gera ráð fyrir yfirborðsvinnslu hrauns, þ.e. að eingöngu verði unninn gjallhluti hraunsins, heldur verði að gera þá kröfu að heildarþykkt hraunsins verði nýtt að mestu, þrátt fyrir að slíkt kalli á sprengingar. Með þeim hætti er hægt að halda flatarmáli þess svæðis sem raskast í lágmarki auk þess sem standa má betur að frágangi, þar sem hraunbrúnnin sem slík færast inn í hraunið og auðveldara er að vinna að því að fella útlínur námusvæðis að umhverfinu eins og kostur er.

Fram kemur í svörum Vegagerðarinnar að hún hefur fallið frá efnistöku í námu A vegna Norðausturvegar um Hólaheiði en þar er ráðgert að taka efni til að byggja upp núverandi Norðausturveg að Kópaskeri. Efnistakan verður kynnt í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar vegna framkvæmdarinnar *Norðausturvegur, Arnarstaðir-Brekka*. Umhverfisstofnun mun gefa umsögn um þá efnistöku við umfjöllun um framkvæmdina í heild sinni.

Auk þess að nýta efnið í námu B við vegagerð yfir Hólaheiði er áætlað að taka þar efni til uppbyggingar Norðausturvegar um Kópasker. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að gerð verði heildaráætlun um efnistöku og frágang í námunni, þ.e. að gerð verði áætlun sem taki bæði til efnistöku vegna vegagerðar um Hólaheiði og vegna uppbyggingar Norðausturvegar að Kópaskeri. Skipta mætti áætluninni í tvo áfanga, þar sem um tvö verk er að ræða.

Jarðmyndanir

Í svörum Vegagerðarinnar segir m.a.:

„Með byggingu vegar um Hólaheiði er óhjákvæmilegt að raska hrauni sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. En í matsskýrslu kemur einnig fram að reynt hefur verið að draga sem kostur er úr áhrifum á ýmsan máta, s.s. með byggingu vegar á núverandi vegslóðum, byggingu vegar á fyllingum, forðast að skera í hraun eða raska drylum, hólum og lægðum og með því að vanda frágang á efnistökuverndum. Þá skal hér einnig vísað til mats sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands um að Kerlingarhraunið hafi ekki sérstakt verndargildi (sbr. bls. 78) og hlýtur að þurfa að lita til slíks mats þegar metið er umfang og eðli rasks á hrauni sem óhjákvæmilegt er að raska ef ráðast á í framkvæmd.“

Umhverfisstofnun bendir á að lita verður til þess að íslensk stjórnvöld hafa staðfest verndargildi hrauna sem runnið hafa á nútíma með samþykkt laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (37. gr.). Einnig má benda á að í stefnumótun ríkisstjórnarinnar til ársins 2020 um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi (Velferð til framtíðar) er m.a. fjallað um vernd sérstæðra jarðmyndana. Þar kemur fram að forgangsmál sé m.a. að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: *„Markmiðið er að allar helstu gerðir jarðmyndana njóti tryggilegrar verndar. ...Forgangsmál í verndun jarðmyndana á næstu árum lúta að vernd valinna jarðhitasvæða, eldgíga og nútímahrauna, gervígíga og fundarstaða sjaldgæfra steina.“*

Umhverfisstofnun telur ljóst af umfjöllun í matsskýrslu að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg áhrif á jarðmyndun sem fellur undir 37. gr. laga um náttúruvernd, þ.e. Kerlingarhraun, enda mun vegur um Hólaheiði liggja að töluverðu leyti um hraunið, auk þess sem gert er ráð fyrir verulegri efnistöku úr hrauninu en í því verða nokkrar lykilmáur. Því hljóti að vera óumdeilanlegt að skerðing á hrauni sé veruleg. Hins vegar er það mat Umhverfisstofnunar að draga megi úr þeirri skerðingu með breytingu á fyrirhugaðri vinnslu í hrauninu, þ.e. falla frá yfirborðsvinnslu. Einnig má draga úr skerðingu með því að falla frá 3. áfanga eins og bent er á í fyrri umsögn stofnunarinnar. Umhverfisstofnun vill taka fram að í þeirri umsögn er ekki tekið mið af því hvort sú tillaga stofnunarinnar að fallið verði frá lagningu 3. áfanga og þess í stað byggður upp núverandi vegur austan við Fjallgarðinn uppfylli markmið framkvæmdarinnar um bættar samgöngur og umferðaröryggi enda ekki hlutverk stofnunarinnar að meta áhrif framkvæmda á samfélag.

Mótvægisáðgerðir – hraun

Í svörum Vegagerðarinnar kemur m.a. fram varðandi öryggissvæði að ekki sé þörf á sömu áðgerðum alls staðar og að landið verði ekki sléttað þar sem ekki sé þörf á því. Í einstökum tilfellum sé líklegt að raska þurfi úfnu hrauni til að skapa öryggissvæði. Það eigi við á vegkaflanum u.þ.b. frá stöð 6500-7500 þar sem vegur liggur um hraun sem er nokkuð ójafnt yfirferðar með töluvert af hæðum og lægðum. Þá leggur Vegagerðin til að ef girt verði meðfram vegi í þessu tilviki verði það gert í útjaðri öryggissvæða svo ekki þurfi að jafna land sérstaklega undir girðingar.

Umhverfisstofnun bendir á að miðað við ofangreint ættu allar forsendur að vera til staðar til þess að minnka breidd öryggissvæðisins. Þá bendir stofnunin á að allar áðgerðir í hraunum þ.m.t. að slétta úr ójöfnum, hafa í för með sér mikið rask og töluverð sjónræn áhrif, enda stingur það svæðið sem „sléttað“ hefur verið mjög í stúf við umhverfið. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að gert verði ráð fyrir sem minnstum áðgerðum í hrauninu og að dregið verði úr kröfum um breidd öryggissvæðis.

Umhverfisstofnun telur það almennt ekki vera ásættanleg vinnubrögð að ryðja hraun undir girðingarstæði.

Votlendi

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að kannaður hafi verið möguleiki á því að sá hluti veglínu 140 sem telst vera bráðabirgðaleið verði ekki byggður. Með því er hægt að draga úr heildarkostnaði framkvæmdar og jafnframt er dregið verulega úr raski á votlendi.

Umhverfisstofnun telur það verulega til bóta m.t.t. áhrifa á votlendi ef lengdur verður sá hluti leiðarinnar sem telst til 1. áfanga framkvæmdarinnar svo hætta megi við lagningu bráðabirgðaleiðar skv. veglínu 140.

Gróður

Framkvæmdaraðili tekur undir þau sjónarmið Umhverfisstofnunar að takmarka þurfi framkvæmdasvæði í brekkum Hófaskarðs sem kostur er og hlífa gróðurlendum fyrir neðan framkvæmdasvæðið. Fram kemur að án efa verði hægt að draga úr umfangi skeringa og fyllinga við nánari útfærslu vegarins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við endanlega útfærslu vegarins verði lögð áhersla á að draga sem mest úr umfangi skeringa og fyllinga.

Fuglalíf

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Náttúrustofa Norðausturlands var fengin til að kanna himbrimavarp á Krossavíkurselsvatni. Himbrimapar sem var á vatninu hafði ekki orpið en líklegur hreiðurstaður er talinn vera við norðanvert vatnið. Aðrir hlutar vatnsins virðast ekki hentugir varpstaðir fyrir himbrima. Í svörum Vegagerðarinnar segir m.a. að miðað við þessar upplýsingar sé vegurinn í góðri fjarlægð frá himbrimavarpinu, eða í um 500 m fjarlægð. Einnig að framkvæmdaraðili hafi nú þegar fært veginn eins langt frá Krossavíkurselsvatni og mögulegt er með tilliti til vegtæknilegra aðstæðna á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem ekki hefur verið staðfest svo óyggjandi sé að varpið sé við norðanvert vatnið, þó allar líkur séu á því samkvæmt framangreindu, væri ástæða til að gæta varúðarsjónarmiða og miða við að fyllingar í veginn verði lagðar út utan varptíma, til að tryggja að framkvæmdir hafi ekki áhrif á varp himbrima við vatnið.

Vatnafar

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin er umsagnaraðili um framkvæmdina en ekki leyfisveitandi og hefur þar af leiðandi ekki tekið ákvörðun sem er íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að þó ekki sé óheimilt að leggja veg um grannsvæði skv. reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, þýðir það ekki að skilyrðislaust eigi að samþykkja veglagningu um grannsvæði. Almenna reglan er sú að forðast skuli mannvirkjagerð sem hefur í för með sér hættu á mengun vatnsbóls innan grannsvæðis enda skal þar skv. fyrrgreindri reglugerð banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna, ekki leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar innan svæðisins og vegalagnir, áburðarotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Þrátt fyrir að vegir liggi í einhverjum tilvikum innan vatnsverndarsvæðis eins og Vegagerðin bendir á ætti að leggja á það áherslu að forðast veglagningu innan vatnsverndarsvæða svo sem kostur er, ekki síst grannsvæða, til að tryggja öryggi vatnsbóla.

Í svörum Vegagerðarinnar er bent á að vegurinn verði lagður í jaðri grannsvæðisins og bendi öll gögn til þess að grunnvatnsstreymið sé að veginum frá vestri til austurs og myndi því hugsanleg mengun sem rekja mætti til óhappa á veginum ekki fara inn í vatnsbólið. Þá er vísað til þess að vegurinn komi til með að standast ströngustu öryggiskröfur, umferð um hann verði mjög lítil og líkur á óhöppum á veginum séu óverulegar. Í ljósi þess sé það skoðun sérfræðings hjá Orkustofnun að áhættan varðandi hugsanleg mengunarslys sé svo lítil að óvissa um uppruna vatnsins skipti varla máli í því sambandi.

Eins og bent er á í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar er í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands leitt að því líkum að vatnið í vatnsbóli Raufarhafnar tengist kröftugum grunnvatnsstraumum að vatnsbólínu úr suðvestri frá innri hluta Melrakkaslétu og úr vestri frá Deildarvatni, frekar en grunnvatnsstraumi úr suðri sem upprunninn sé frá Ormarsá og Deildarstykki. Í skýrslunni kemur þó einnig fram að hugsanlega geti efnagreiningar á vatninu í vatnsbólínu varpað nánara ljósi á upprunann. Umhverfisstofnun túlkar þessi ummæli svo að einhver óvissa ríki um uppruna vatnsins og því ekki hægt að útiloka mengunarhættu vegna lagningar vegarins um grannsvæði vatnsbóls Raufarhafnar.


Umhverfisstofnun telur ekki rök fyrir því að stofnunin hafi í umsögn sinni farið út fyrir þær kröfur og reglur sem í gildi eru um vatnsvernd og vatnsból eins og segir í svörum Vegagerðarinnar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun ítrekar þá afstöðu sem fram kemur í umsögn stofnunarinnar frá 28. apríl sl. að ekki sé hægt að fallast á efnisvinnslu í Kerlingarhrauni eins og ráð er fyrir gert samkvæmt lýsingu í matsskýrslu, sbr. einnig athugasemdir hér að framan. Jafnframt ítrekar stofnunin það álit sitt að það sé betri kostur m.t.t. til áhrifa á ósnortið víðerni, landslag og jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem og m.t.t. mengunarhættu að endurbyggja núverandi veg austan við Fjallgarðinn fremur en að leggja veg skv. fyrirhuguðum 3. áfanga framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs